



# Samstarf háskóla 2023

## SAMEINING HÁSKÓLA

### Sameinaður háskóli, Háskólans á Akureyri (HA) og Háskólans á Bifröst (HB) - 200 m.kr.

Verkefnið snýr að undirbúningi og framkvæmd sameiningar HA og HB og felur m.a. í sér samræmingu á kennslu-, upplýsinga og mannauðskerfum skólanna sem og samræmingu námsframboðs og rannsóknna. Möguleikar skapast til að koma til móts við fjölbreyttari þarfir nemenda í nútíma samfélagi óháð búsetu og fleiri fá raunverulegt val um hvar þau búa og starfa.

### Rannsóknasjóður sameinaðs háskóla HA og HB - 250 m.kr.

Stofnframlag í nýjan rannsóknarsjóð sameinaðs háskóla. Rannsóknarsjóðnum er ætlað að styrkja rannsóknateymi og stoðþjónustu rannsókna, auk þess að skapa aukin tækifæri til sóknar í alþjóðlega sjóði og þátttöku í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum. Framlag ráðuneytisins nú er til að unnt sé að setja sjóðinn á laggir sem allra fyrst óháð annarri fjármögnun en bundnar eru vonir við að sjóðurinn geti vaxið umtalsvert til lengri tíma.

### Háskólasamstæða Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólans á Hólum (HH) - 200 m.kr.

Verkefnið miðar að stofnun háskólasamstæðu HÍ og HH með fjölbreyttu námsframboði, öflugum rannsóknum og auknum tengslum við atvinnulíf og samfélag um land allt. Horft verður til þess að styrkja HÍ sem leiðandi háskóla í íslensku samfélagi og HH sem sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni, og að samstæðan verði eftirsóknarverð fyrir fleiri háskóla og rannsóknastofnanir. HÍ verður flaggskipsháskóli samstæðunnar og HH sjálfstæður „kampus“ með starfsemi á Hólum og Sauðárkróki.

### Vettvangsakademía á Hofstöðum í Mývatnssveit - 31,9 m.kr.

Á Hofstöðum í Mývatnssveit verður komið á fót vettvangsakademíu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði íslenskrar fornleifafræði, minjaverndar og menningararfsferðþjónustu. Stöðin mun bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir innlenda og erlenda MA/MS og PhD nemendur og þar verður aðstaða fyrir þverfaglegar vettvangsrannsóknir, tilraunir og þróun til að byggja upp þekkingu á íslenskri menningarsögu og hagnýtingu hennar. Verkefnið er samstarf Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands

### Ferðamálanám til framtíðar - 30 m.kr.

Verkefnið snýst um greiningu á samþættingar- og samstarfsmöguleikum á sviði ferðamálanáms við Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands. Rýnt verður í leiðir til nýsköpunar í kennsluháttum, s.s. tækifæri og áskoranir sem fylgja gervigreind og notkun hennar í skólastarfi. Sérstaklega verður horft til samþættingar á sviði meistaranáms og eflingar þess með auknu alþjóðlegu samstarfi. Einnig verður unnið að innleiðingu sameiginlegs diplómanáms á ensku og í fjarnámi með áherslu á erlent starfsfólk í ferðþjónustu.

### Þverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði – 29.250.000 kr.

Verkefninu er ætlað að byggja upp þverfaglegt meistaranám í sjálfbærri byggðafræði á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem er til staðar við Háskólann á Hólum og innan margra fræðasviða og stofnana Háskóla Íslands. Verkefnið mun efla innra starf háskólanna, styðja við myndun háskóla-samstæðu og efla samstarf þeirra við Byggðastofnun og rannsókn- og þekkingasetur um land allt. Stefnt er að því að meistaranám í sjálfbærri byggðafræði hefjist haustið 2025.

## STJÓRNSÝSLA, STOÐÞJÓNUSTA OG NÝTING INNVIÐA

### Nemendum auðveldað að stunda meistaranám við fleiri en einn háskóla – 36.765.000 kr.

Verkefnið felst í því að samhæfa úrlausnir á þekktum áskorunum við sameiginlegt meistaranám og miðla þeim til allra háskólanna. Lokamarkmiðið er að greiða fyrir sameiginlegu námsframboði háskólanáms á Íslandi, bæði við stofnun og utanumhald sameiginlegra námsleiða og stakra

námskeiða. Með því yrði nemendum gert kleift að stunda nám á meistarastigi við fleiri en einn háskóla á Íslandi. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja við þrjú valin samstarfsverkefni á meistarastigi sem hlutu styrk úr Samstarfi háskóla á síðasta ári; „Meistaránám og rannsóknir í netöryggi“ (HÍ, HR), „Þverfaglegt meistaranám í heilbrigðislausnum“ (HR, HA, HÍ) og „Forsendur fyrir þverfaglegu meistaranámi í skipulagsfræði (LBHÍ, HÍ, HR, LHÍ).

### **Þrívíddarprentun og sýndarveruleiki notaður til að bæta heilbrigðisþjónustu og auka öryggi sjúklinga - 31.104.333 kr.**

Sýndarveruleiki og svokallaður gagnaukinn veruleiki (augmented reality) geta gert heilbrigðisstarfsfólki mögulegt að vinna í sýndarveruleika, sem er sérsníðinn fyrir læknisfræðilegar aðgerðir. Stefnt er að því að innleiða notkun þrívíddarlíkana af líffærum og líffæraakerfum inn í þjálfunina á færni- og hermisetrum HÍ, HA, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Með því að þrívíddarprenta líffæri einstakra sjúklinga út frá læknisfræðilegri myndgreiningu (s.s. sneiðmyndum og segulómum) er heilbrigðisstarfsfólki gert kleift að skoða líffærin, æfa sig og undirbúa fyrir aðgerðir án þess að stofna sjúklingi í hættu.

### **Efling samstarfs um nám í GIS og fjarkönnun - 31.104.333 kr.**

Verkefnið miðar að auknum gæðum í kennslu landupplýsingafræði og fjarkönnunar í íslenskum háskólum. Framboð leikni og þekkingar, sem og eftirspurn frá vinnumarkaðnum, bæði á Íslandi og erlendis, verða skoðuð auk mögulegra leiða á samstarfi milli deilda Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Litið verður annars vegar til möguleika og hagkvæmni sameiginlegra námskeiða og námsleiða og hins vegar til samnýtingar mannauðs og innviða.

### **EduChain nýtt til að sannreyna alþjóðleg prófskírteini og auðvelda fólki með erlendar prófgráður þátttöku í íslensku samfélagi - 28,8 m.kr.**

EduChain verkefnið mun nýta bitakeðju (blockchain) tækni til að sannreyna prófgráður, prófskírteini og viðurkenningar fyrir menntun sem gefnar eru út í öðrum ríkjum. Markmiðið er að hjálpa fólki með erlendar prófgráður að sannreyna akademísk skírteini sín og auðvelda þannig þátttöku þess í íslensku menntakerfi og stuðla að aukinni inngildingu í samfélagið. Verkefnið byggir á tveimur stöðum, annars vegar á því að sannreyna skilríki eða skírteini með bitakeðjutækni og hins vegar á stafrænu umbunarkerfi sem þróað hefur verið í HÍ til að örva áhuga á námi og sannreyna skírteini. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands, auk þess sem gert er ráð fyrir samstarfi við Rauða krossinn.

### **Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista - 25,6 m.kr.**

Verkefnið felst í þróun vefgáttar sem veitir aðgang að stafrænum innviðum og búnaði (bæði hugbúnaði og öðrum) til að búa til og vinna með stafræn gögn sem tengjast t.d. íslenski sögu, menningu, listum og tungu. Einnig verður útbúið kennslu- og þjálfunarefni til að vinna rannsóknir sem tengjast stafrænum gögnum og kennsluefni til að nota í háskólum og menntaskólum. Að lokum verður farið í átak til að kynna og bjóða upp á þjálfun í notkun stafrænna gagna um land allt. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.

### **GAGNÍS – fræðsla, aukin þjónusta og umfang - 23,8 milljónir**

Gagnaþjónusta félagsvísinda á Íslandi (GAGNÍS) er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Háskólans á Bifröst, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. GAGNÍS er svar við ákalli vísinda-samfélagsins og stjórnvalda um opin vísindi og miðlun þekkingar. Þróunin hefur verið sú að rannsóknagögn séu gerð aðgengileg og mikilvægt að byggðar séu upp gagnaþjónustur sem geta hýst gögn og gefið aðgang að þeim. Sótt er um stuðning til að vinna fræðsluefni og halda vinnustofur fyrir notendur þjónustunnar.

### **Rammasamningur - 19,8 m.kr.**

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík munu í sameiningu bjóða upp á tilraunaverkefni til tveggja ára sem heimilar nemendum að taka ákveðinn einingafjölda í hinum háskólanum og vinna saman

að framgangi doktorsnáms við háskólana. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar að auka skiptináms og samleiðbeiningar milli Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og hins vegar að hafa samráð um eflingu, gæðamál og samvinnu í doktorsnámi. Verkefnið eykur sveigjanleika og aðgengi nemenda og styrkir menntun og vísindi í landinu.

### **SamLeið: Sameiginleg leiðbeinendapjálfun á Íslandi - 10 m.kr.**

SamLeið hefur að markmiði að byggja upp, sameina og efla doktorsleiðbeinendapjálfun í íslenskum háskólum. Þróuð verða námskeið sem ætluð eru leiðbeinendum doktorsnema í öllum háskólunum á Íslandi með leyfi til doktorsnáms. Til þess að tryggja sjálfbærni mun SamLeið einnig þjálfa upp hóp af framúrskarandi leiðbeinendum, sem síðan verða í því hlutverki að kenna námskeið í framtíðinni. Með því að samnýta krafta háskólanna mun SamLeið auka gæði í leiðbeiningu og efla þannig doktorsnám á Íslandi. Að verkefninu koma Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Landbúnaðarháskóli Íslands.

### **Rafræn miðlun fræðandi efnis um jafnréttismál - 3,8 m.kr.**

Háskólar landsins sem vinna allir saman að Jafnréttisdögum árlega munu miðla fræðandi efni um jafnrétti og áskoranir inngildandi samfélags. Þetta verður gert með því að smíða sérstaka vefsíðu fyrir Jafnréttisdaga. Á heimasíðunni verður dagskrá daganna og helstu upplýsingar um þá og mun heimasíðan styðja við samfélagsumræðu á mikilvægum tímum mannréttinda. Viðburðum Jafnréttisdaga verður streymt í beinni og einnig verður hægt að sækja upptökur af viðburðum síðastliðinna ára á myndbandi og hlaðvarpi.

## **LAUSNIR VIÐ SAMFÉLAGSLEGUM ÁSKORUNUM**

### **Nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun - 69.062.500 kr.**

Markmið verkefnisins er að undirbúa og kenna 60 ECTS eininga nám til viðbótardiplómaprófs á meistarastigi í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Námið er þverfaglegt og kennt í fjarnámi, með tímasókn í hermikennslu í rauntíma auk vettvangsnáms. Markmiðið er að fagfólk sem útskrifast úr náminu geti veitt fólki með heilabilun og aðstandendum þeirra ráðgjöf og stuðning. Verkefnið er liður í því að bregðast við þeirri heilbrigðis- og samfélagslegu áskorun sem heilabilun fylgir.

### **Sérfræðinám í klínískri taugasálfræði – 40,2 m.kr.**

Verkefnið felur í sér uppbyggingu tveggja ára sérfræðináms í klínískri taugasálfræði fyrir sálfræðinga sem þegar hafa réttindi frá Landlækniseimbættinu. Að sérfræðináminu loknu ættu sálfræðingar að geta sótt um sérfræðiviðurkenningu í klínískri taugasálfræði. Klínísk taugasálfræði er afar mikilvæg innan heilbrigðiskerfisins, m.a. við greiningu og meðferð heilaáverka, ADHD, einhverfu og heilabilunar-sjúkdóma og mikil vöntun er á klínískum taugasálfræðingum sem bitnar á þjónustu við þennan hóp. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

### **Fagmál hjúkrunar (ICNP) til kennslu og rannsókna - 40 m.kr.**

Verkefnið byggir á því að innleiða fagmálið ICNP (International Classification for Nursing Practice), sem er staðlað, þýtt, kóðað, alþjóðlegt orðfæri (hugtök) í hjúkrunarfræði, til kennslu á landsvísu. Ný hermisetur við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri skapa mikla möguleika til að tengja fræðilega og klíniska kennslu með ICNP hugbúnaði. Innleiðingin krefst faglegrar samantektar/framsetningar á gagnreyndri þekkingu í hjúkrun með aðstoð gervigreindar og þróun hugbúnaðar til notkunar í kennslu, rannsóknum og klíník.

### **Nýjar lausnir fyrir heilbrigðiskerfið - 35,1 m.kr.**

Álag á vestræn heilbrigðiskerfi er sífellt að aukast með vaxandi fjölda sjúklinga og undirmönnun sem er alþjóðlegt vandamál. Þetta er ein stærsta samfélagslega áskorun sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Markmiðið með þessu verkefni, sem er samstarf Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands, er að stofna vettvang um nýjar lausnir fyrir heilbrigðiskerfið. Aðferðir verða rannsakaðar og tæknilausnir þróaðar til að sjálfvirknivæða ýmsa ferla í heilbrigðiskerfinu, draga úr álagi á

heilbrigðisstarfsfólk og um leið spara fé og bæta þjónustu við sjúklinga.

#### **Þróun kennslu, náms og val á nemendum í hjúkrun - 31.034.194 kr.**

Í samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands verður unnið að því að bæta nýtingu námsplássna í hjúkrunarfræði og minnka brottfall úr starfi að námi loknu. Greint verður hvað spáir fyrir um styrk og áhuga í námi og starfi. Áhrifaríkar aðferðir við val á nemendum inn í hjúkrunarfræði verða greindar og möguleikar á samræmdri inntöku skólanna skoðaðir. Kjörval á nemendum, samnýting námskeiða og sameiginleg samkeppnispróf tryggja betri gæði náms, er fjárhagslega hagkvæmt og eykur jafnræði nemenda sem og ánægju í námi.

#### **Klínísk málsýnagreining - 22,6 m.kr.**

Með samstarfi á sviði hug-, verk- og heilbrigðisvísinda við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík er íslenskt mál sett í forgrunn á alþjóðlegu sviði máltæknilausna í stafrænum heilbrigðisvísindum. Þar hefur mikill árangur náðst á skömmum tíma, m.a. í greiningu á fyrstu merkjum Alzheimer sjúkdóms í málnotkun fólks. Í samstarfinu eru slíkar lausnir þróaðar fyrir smærri málsamfélög og samnýttar til greiningar á málproskaröskun hjá ein- og fjöltyngdum börnum, en reynst hefur erfitt að þróa áreiðanlegar mælingar á málproska fjöltyngdra barna.

#### **Efling klínískrar lyfjafræði á Akureyri – 17.780.000 kr.**

Efling klínískrar lyfjafræði snýst um uppbyggingu á hluta af sérnámi í klínískri lyfjafræði á Sjúkrahúsinu á Akureyri með samstarfi Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Þróun námsins er brýn til þess að fjölga klínískum lyfjafræðingum, mæta þar með þörfum heilbrigðiskerfisins og bæta aðgengi að menntun á landsbyggðinni. Markmið þjónustu klínískra lyfjafræðinga er að bæta gæði, öryggi og hagkvæmni í lyfjamálum sjúklinga.

## **NÝSKÖPUN Í HÁSKÓLASTARFI**

#### **Efling tæknináms á Norðurlandi: Tæknifræði Háskólans í Reykjavík í Háskólanum á Akureyri - 57.490.000 kr.**

Haustið 2023 var komið á fót námi í iðnaðar- og orkutæknifræði á Akureyri á grundvelli styrks úr Samstarfssjóði háskólanna. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Háskólans á Akureyri (HA) og Háskólans í Reykjavík (HR) þar sem HR kennir nemendum sem eru staðsettir á Akureyri. Í dag stunda 6 nemendur þetta nám og gengur það með afbrigðum vel. Þetta verkefni snýst um að festa tæknifræðinám á Norðurlandi í sessi á grunni árangurs sem náðist með síðustu styrkveitingu úr Samstarfssjóði háskólanna.

#### **Forskot Íslands í tölvusönnun – 51.840.000 kr.**

Nútímasamfélag og -hagkerfi er afar háð tölvukerfum, virkni þeirra og öryggi. Þessi kerfi eru svo margslungin að eingöngu er hægt að greina þau með stafrænum verkfærum. Sannprófun með hjálp tölvu getur tryggt að þættir tölvukerfa séu réttir, komið upp um villur og veitt útskýringar. Tæknin verður innleidd í kennslu í tölvunarfræði og stærðfræði og gerð aðgengileg fyrir fólk í upplýsingatæknigeiranum. Verkefnið sem er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands mun einnig upphefja og auka sýnileika íslenskra rannsókna innan greinarinnar.

#### **Innleiðing á raunfærnimati til styttingar náms - 40 m.kr.**

Markmið verkefnisins er að þróa og innleiða raunfærnimat til styttingar náms við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Hver skóli velur námsleiðir til að innleiða raunfærnimat við t.d. kennaranám, iðn- og tæknifræði, fatahönnun og lögreglufræði. Samstarfshópurinn mótast matsferli sem verður prufukeyrt, metið og innleitt. Niðurstaðan verður sameiginlegt matsferli sem mun nýtast öllum háskólum landsins og efla mannauð og hæfni í íslensku atvinnulífi.

### **Rannsóknánám í listum og listfræði - 37 m.kr.**

Nýtt doktorsnám í listum og listfræði verður þróað í samstarfi Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Listasafns Íslands, sem leggur grunn að efldu samstarfi háskóla og menningarstofnana á sviði hugvísinda og lista. Efnt verður til tveggja verkefna á doktorsstigi á sviði listfræða og listrannsókna. Í báðum tilfellum verður unnið með safneign Listasafns Íslands. Aðferðafræðin er byggð á leið sem farin er við Center for Practice-based Art Studies í Kaupmannahöfn, og þróunarverkefnið Creator Doctus.

### **Örnám í framleiðslu í skapandi greinum - 24.035.000 kr.**

Örnám í framleiðslu í listum, menningu og skapandi greinum snýr að því að svara þörf fyrir nýsköpun í námsframboði sem er aðlagð er að þörfum atvinnulífs, menningar og skapandi greina. Námið sem er í samstarfi Háskólans á Bifröst og Listaháskóla Íslands tengir fjölda listgreina og felur jafnframt í sér innleiðingu og tileinkun nýrrar tækni og kennsluhátta í stafrænum heimi, meðal annars með kennslustofum í sýndarveruleika.

### **Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun: Meistaránám - 18 m.kr.**

Ein af stóru áskorunum sjálfbærrar þróunar er að stuðla að sjálfbærum landbúnaði og auknu fæðuöryggi með ýmiskonar umbreytingum. Það kallar á nýsköpun og vel menntað fólk sem getur leitt slíka vegferð. Verkefnið fjallar um að byggja nýja þverfræðilega námsleið á meistarastigi í samstarfi námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Námið kallast Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun, verður kennt á ensku og byggt á grunni og styrk núverandi námsleiða við skólana.

### **Snjallræði - 15 m.kr.**

Árið 2018 var Snjallræði stofnað af Höfða friðarsetri, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar, og samstarfsaðilum, þ.m.t. Háskólanum í Reykjavík og bakhjörnum. Hraðallinn hefur ávallt lagt áherslu á samfélagslega nýsköpun og frá stofnun verið opinn fyrir almenning. Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri sækja saman um styrk til að endurhanna vaxtarrýmið þannig að það verði fjárhagslega sjálfbært til framtíðar.

### **Fjölmiðla- og boðskiptánám á tímum upplýsingaóreiðu - 10.859.000 kr.**

Á síðustu árum hefur vaxandi upplýsingaóreiða og falsfréttir sett mark sitt á fjölmiðlun, boðskipti og upplýsingamiðlun. Nám á sviði fjölmiðla og boðskipta fer víða fram innan háskólasamfélagsins. Markmið verkefnisins, sem er í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, er að auka þverfaglegar tengingar innan og milli háskóla og skerpa á samspili stað- og fjarnáms, þannig að nám í fjölmiðlun og boðskiptafræðum styðji við opna og upplýsta lýðræðislega umræðu. Við mótun tillagna verður tekið mið af því sem gert er á þessu sviði við háskóla erlendis.

### **Financial Economics Group – Iceland (FEGI) - 6.650.000 kr.**

FEGI er vettvangur fyrir samstarf vísindafólks á sviði fjármála- og hagfræði við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Meginmarkmið samstarfsins er að efla menntun á framhaldsstigi (til doktorsprófs), styrkja alþjóðlega viðurkennt rannsóknastarf hér á landi og tryggja miðlun á nýjum rannsóknaniðurstöðum til almennings.

## **ALÞJÓÐLEG SÓKN ÍSLENSKRA HÁSKÓLA OG ALÞJÓÐAVÆÐING**

### **Sókn og nýsköpun háskóla í evrópskum háskólanetum – 7,2 m.kr.**

Stofnaður verður samstarfsvettvangur íslenskra háskóla sem eru í evrópskum háskólanetum; AURORA (HÍ), NeurotechEU (HR) og UNIGreen (LbHÍ). Markmiðið er að miðla upplýsingum um tækifæri og áskoranir háskólanetanna og tryggja samstillt samtal við stjórnvöld um þau með stuðningi frá Rannís. Samstarfsvettvangurinn mun úthluta fjármagni vegna kennslu og námskeiðahalds hvers samtarfsskóla innan háskólanetanna sem ýtir undir alþjóðavæðingu náms og kennslu en fellur utan fjármögnunarlíkans háskóla.

### **Forritunarkeppni Háskólanna á Íslandi (FKHÍ) – ICPC - 4,8 milljónir**

FKHÍ er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um undirbúning og þátttöku nemenda í alþjóðlegu forritunarkeppninni ICPC. FKHÍ skipuleggur forritunarkeppnina á Íslandi og þátttöku í norrænu keppninni NCPC, sem norrænir háskólar nota til að velja þátttakendur í keppninni í Norður- og Vestur-Evrópu, NWERC. FKHÍ hefur það að markmiði að efla samvinnu og samkeppni meðal nemenda og háskóla á Íslandi.

## **IÐKUN Á ÞRIÐJA HLUTVERKI HÁSKÓLA**

### **Að innleiða bestu starfsvenjur í tengslum við taugafjölbreytileika (Establishing Neurodiversity Best Practices) - 48.666.150 kr.**

Taugafjölbreytileiki lýsir breytileika í heilastarfsemi einstaklinga, þar á meðal ástandi eins og einhverfurófröskun (ASD) eða lesblindu. Erfiðleikar nemenda með taugafjölbreytileika við að ná árangri í framhaldsnámi eru vel þekktir. Út frá fyrri vinnu við Háskólann í Reykjavík verður þetta verkefni unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri með það að markmiði að bæta inntöku nemenda með tauga-fjölbreytileika í framhaldsnám á Íslandi, ásamt því að skilja betur hversu algengur taugafjölbreytileiki er meðal íslenskra nemenda.

### **Inngilding í íslensku háskólasamfélagi - 48.250.000 kr.**

Innflytjendur á Íslandi fara síður í háskólanám en önnur ungmenni, og þurfa að takast á við fleiri áskoranir. Verkefnið snýst um að þróa leiðir sem stuðla að aukinni inngildingu í háskólanámi, fjölga innflytjendum í háskólanámi og sporna við brottfalli þeirra. Það verður m.a. gert með útfærslu stuðningsúrræða, þjónustu og ráðgjöf, auk þess sem þróuð verður inngildingarstefna og móttökuáætlun, ásamt fræðslu og þjálfun starfsfólks. Verkefnið er samstarf opinberu háskólanna, sem HÍ leiðir.

### **Inngildandi nám á háskólastigi – 15 m.kr.**

Verkefnið er samstarf Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Listaháskóla Íslands um inngildandi háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á það rétt á stuðningi til að stunda háskólanám. Verkefnið mun útfæra leiðir til að greiða aðgengi fólks með þroskahömlun að fjölbreytilegra námi, s.s. með fjarnámi. Háskólanám eykur möguleika fatlaðs fólks til atvinnu- og samfélagsþátttöku. Verkefnið styrkir háskóla með fjölbreyttari kennsluháttum fyrir alla háskólanemendur.



# Samstarf háskóla 2023

## SAMEINING HÁSKÓLA

<i>HA og HB</i> <b>Sameinaður háskóli Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst</b> .....	200.000.000 kr.
<i>HA og HB</i> <b>Rannsóknasjóður sameinaðs háskóla HA og HB</b> .....	250.000.000 kr.
<i>HÍ og HH</i> <b>Háskólasamstæða Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum</b> .....	200.000.000 kr.
<i>HÍ og HH</i> <b>Vettvangsakademía á Hofstöðum í Mývatnssveit</b> .....	31.900.000 kr.
<i>HH og HÍ</i> <b>Ferðamálanám til framtíðar</b> .....	30.000.000 kr.
<i>HH, HÍ og Byggðastofnun</i> <b>Pverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði</b> .....	29.250.000 kr.

## STJÓRNSÝSLA, STOÐÞJÓNUSTA OG NÝTING INNVIÐA

<i>HÍ, HR, HA, HH, LBHÍ, LHÍ og HB</i> <b>Nemendum auðveldað að stunda meistaranám við fleiri en einn háskóla</b> .....	36.765.000 kr.
<i>HR, HÍ, HA og Landspítalinn</i> <b>Prívíddarprentun og sýndarveruleiki notaður til að bæta heilbrigðisþjónustu og auka öryggi sjúklinga</b> .....	31.104.333 kr.
<i>LBHÍ, HÍ, Háskólaásetur Vestfjarða og Landmælingar Íslands</i> <b>Efling samstarfs um nám í GIS og fjarkönnun</b> .....	31.104.333 kr.
<i>HR og HÍ</i> <b>EduChain nýtt til að sannreyna alþjóðleg prófskírteini</b> .....	28.800.000 kr.
<i>HÍ, HR, HA, HB og aðrir</i> <b>Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista</b> .....	25.600.000 kr.
<i>HÍ, HR, HA og HB</i> <b>GAGNÍS - fræðsla, aukin þjónusta og umfang</b> .....	23.800.000 kr.
<i>HR og HÍ</i> <b>Rammasamningur</b> .....	19.800.000 kr.
<i>HÍ, HR, HA og LBHÍ</i> <b>SamLeið: Sameiginleg leiðbeinendabjálfun á Íslandi</b> .....	10.000.000 kr.
<i>HA, HR, HA, HH, LBHÍ, LHÍ og HB</i> <b>Rafræn miðlun fræðandi efnis um jafnréttismál</b> .....	3.800.000 kr.

## IÐKUN Á ÞRIÐJA HLUTVERKI HÁSKÓLA

<i>HR og HA</i> <b>Innleiðing bestu starfsvenja í tengslum við taugafjölbreytileika</b> .....	48.666.150 kr.
<i>HÍ, HA, HH og LBHÍ</i> <b>Inngilding í íslensku háskólasamfélagi</b> .....	48.250.000 kr.
<i>HÍ, HA, LHÍ</i> <b>Inngildandi nám á háskólastigi</b> .....	15.000.000 kr.



# Samstarf háskóla 2023

## NÝSKÖPUN Í HÁSKÓLASTARFI

<i>HA og HR</i> <b>Efling tæknináms á Norðurlandi: Tæknifræði HR í HA</b> .....	57.490.000 kr.
<i>HR og HÍ</i> <b>Forskot Íslands í tölvusönnun</b> .....	51.840.000 kr.
<i>HÍ, HR, HA og LHÍ</i> <b>Innleiðing á raunfærnimati til styttingar náms</b> .....	40.000.000 kr.
<i>HÍ, LHÍ og Listasafn Íslands</i> <b>Rannsóknánám í listum og listfræði</b> .....	37.000.000 kr.
<i>HB og LHÍ</i> <b>Örnám í framleiðslu í skapandi greinum</b> .....	24.035.000 kr.
<i>HÍ og LBHÍ</i> <b>Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun: Meistaránám</b> .....	18.000.000 kr.
<i>HÍ, HR og HA</i> <b>Snjallræði</b> .....	15.000.000 kr.
<i>HÍ og HA</i> <b>Fjölmiðla- og boðskiptánám á tímum upplýsingaóreiðu</b> .....	10.859.000 kr.
<i>HR, HÍ og HA</i> <b>Financial Economics Group - Iceland (FEGI)</b> .....	6.650.000 kr.

## ALÞJÓÐLEG SÓKN ÍSLENSKRA HÁSKÓLA OG ALÞJÓÐAVÆÐING

<i>HÍ, HR og LBHÍ</i> <b>Sókn og nýsköpun háskóla í evrópskum háskólanetum</b> .....	7.200.000 kr.
<i>HR, HÍ, HA og Keppnisforritunarfélag Íslands</i> <b>Forritunarkeppni háskólanna á Íslandi - FKHÍ</b> .....	4.800.000 kr.

## LAUSNIR VIÐ SAMFÉLAGSLEGUM ÁSKORUNUM

<i>HA og HÍ</i> <b>Nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun</b> .....	69.062.500 kr.
<i>HR og HÍ</i> <b>Sérfræðinám í klínískri taugasálfræði</b> .....	40.200.000 kr.
<i>HÍ og HA</i> <b>Fagmál hjúkrunar (ICNP) til kennslu og rannsókna</b> .....	40.000.000 kr.
<i>HR og HÍ</i> <b>Nýjar lausnir fyrir heilbrigðiskerfið</b> .....	35.100.000 kr.
<i>HA og HÍ</i> <b>Þróun kennslu, náms og val á nemendum í hjúkrun</b> .....	31.034.194 kr.
<i>HÍ og HR</i> <b>Klínísk málsýnagreining</b> .....	22.600.000 kr.
<i>HÍ, HA og aðrir</i> <b>Efling klínískrar lyfjafræði á Akureyri</b> .....	17.780.000 kr.

